



Fréttatilkynning frá Sögufélagi

Út er komin bókin:

Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1770–1771, V. bindi

Ritstjórar: Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Fimmta bindi skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770-1771 er komið út. Sögufélag, Þjóðskjalasafn Íslands og Ríkisskjalasafn Danmerkur standa að útgáfunni í sameiningu. Ritstjórar eru Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

Vinna við undirbúning útgáfu Landsnefndarskjalanna hófst árið 2012, fyrsta bindið kom út 2016 og er sjötta og síðasta bindi væntanlegt árið 2021. Í bókunum verða öll frumskjöl Landsnefndarinnar birt en í þessu fimmta bindi gefur að líta skjöl nefndarinnar sjálfar, embættisbækur, fundargerðir, greinargerðir og tillögur að tilskipunum.

Aðdragandann að útgáfunni má rekja meira en hálfra öld aftur í tímann þegar Bergsteinn Jónsson síðar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands bjó bréf frá nefndinni og nokkurra embættismanna til útgáfu á vegum Sögufélags. Út komu tvö bindi, hið fyrra árið 1958 og síðara 1961. Ekkert varð af frekari útgáfu þrátt fyrir nokkrar atlögur að því.

„Reykjavík ætti auk þess til ævarandi minningar um Yðar Hátignar landsföðurlegu umhyggju fyrir Íslandi að hlotnast sá heiður að vera nefnd Kristjánsvík. Á sama hátt gæti Eyjafjörður fyrir norðan notið þeirrar náðar að fá nafnið Kristjánsfjörður.“ Þannig hljóðaði ein af tillögum Landsnefndarinnar fyrri um viðreisn Íslands árið 1771.

Landsnefndin fyrri ferðaðist um Ísland í upphafi áttunda áratugar átjándu aldar og safnaði upplýsingum um landið og þjóðina sem byggði það. Skjöl hennar gefa því einstæða sýn á íslenskt samfélag á þessum tíma. Heildarsafn skjala Landsnefndarinnar geymir bréf og skýrslur frá almenningi, prestum, sýslumönnum, lögmönnum og öðrum embættismönnum veraldlegrar og andlegrar stéttar, auk allra gagna Landsnefndarinnar sjálfar.

Öll frumbréf eru birt bæði á íslensku og dönsku rétt eins og þegar þau voru send nefndinni forðum. Eyjólfur Jónsson, ritari nefndarinnar, sneri flestum íslensku bréfunum á dönsku. Bréfin sem nefndinni bárust rétt fyrir brottför af landinu voru þó ekki þýdd en úr því var bætt fyrir útgáfuna nú.

Í öllum bindum Landsnefndarskjalanna eru birtar fræðilegar greinar auk ítarlegra skýringa og nafna- og atriðisorðaskráa, á dönsku og íslensku. Fimmta bindi Landsnefndarskjalanna er 780 blaðsíður að stærð.

Frekari upplýsingar veita:

Hrefna Róbertsdóttir, ritstjóri og forseti Sögufélags (forseti@sogufelag.is, s: 8203324)

Brynhildur Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Sögufélags (brynhildur@sogufelag.is, s: 7816400)